

Stefnendur hafa sjóveðrétt í m/k Boðasteinur, F.D. 493, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1953.

Nr. 171/1951. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson),
 gegn
Guðmundi Helga Sigfússyni og
Hauki Ólafssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Dómprófum og dómi í máli þessu er áfátt í mörgum greinum:

- 1) Það er að mestu órannsakað, hver taldist innflytjandi þeirra vara, sem mál þetta er risið af, hvort h/f Goðaborg taldist flytja vörurnar inn eða einhver annar.
- 2) Rannsaka hefði átt betur en gert hefur verið, hvað af vörunum, sem taldar voru keyptar í þágu v/s Goðaborgar, voru nauðsynlegar til skipsþarfa og notaðar með þeim hætti.
- 3) Rannsaka hefði átt bókhald h/f Goðaborgar, ef slíkt bókhald var til, um innflutning varanna svo og bréfaskriftir varðandi innflutninginn.
- 4) Ef rannsókn hefði leitt í ljós, að annar aðili en h/f Goðaborg var innflytjandi, hefði átt að rannsaka bókhald þess aðilja og bréfaskriftir um kaup varanna.
- 5) Rannsaka hefði átt, hvernig innflytjandi ráðstafaði hinum innfluttu vörum, við hverju verði þær voru seldar, ef því var að skipta, hver varð hagnaður af sölu þeirra og hvort verðlagsreglur voru brotnar.
- 6) Leiða hefði þurft í ljós, að hve miklu leyti tollur hefði verið greiddur af varningi þeim, sem rannsóknin tekur

til, er mál var höfðað, og hvenær tollgreiðslur fóru fram.

- 7) Afla hefði átt rækilegri skýrslna um skil gjaldeyris til bankanna vegna sölu v/s Goðaborgar í þeim fjórum ferðum, sem um var að tefla.
- 8) Sá mikli ljóður er á héraðsdóminum, að héraðsdómari hefur ekki nema að mjög litlu leyti talið upp og greint þá verknaði, sem hann sakfellir fyrir. Ekki hefur hann heldur, að fáum tilvikum fráskildum, kveðið á um það, við hvaða refsíákvæði hver einstakur verknaður varðar.

Framangreindir gallar á dómprófum og dómi leiða til þess, að ómerkja verður héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar, og er rétt, að héraðsdómur sé skipaður sérfróðum mönnum, sbr. 5. gr. laga nr. 27/1951.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmannna, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 18. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara að Fríkirkjuvegi 11 af Loga Einarsyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Guðmundi Helga Sigfússyni verzlunarstjóra, til heimilis að Nesgötu 5 í Neskaupstað, til refsingar, upptöku eigna og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags-

eftirlit, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit og lögum nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit og gegn Hauki Ólafssyni skipstjóra, Bergþórshvoli í Neskaupstað, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. reglugerð nr. 123 23. nóvember 1939 um sama efni, og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Guðmundur Helgi er fæddur í Neskaupstað 25. ágúst 1909 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1941 10/11 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 2. sbr. 10. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.

Í Neskaupstað:

1946 4/10 Áminning um brot gegn reglum um tollmeðferð vara.

Kærði Haukur er fæddur 18. febrúar 1917 í Vestmannaeyjum. Hinn 4. október 1945 var hann í Reykjavík sektaður um kr. 25.00 fyrir ölvun á almannafæri. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu.

Verður nú greint frá málavöxtum samkvæmt því, sem upplýstzt hefur í máli þessu.

Frá því 1. marz 1949 og þar til 28. maí s. á. fór v/s Goðaborg, N.K. 1, fjórar ferðir til Aberdeen í Skotlandi, en skip þetta er skrásett eign fyrir-tækisins h/f Goðaborgar, og er kærði Guðmundur Helgi framkvæmdar-stjóri þess, enda einn eigendanna. Kærði Haukur er einnig einn af hlut-höfum fyrirtækisins og var skipstjóri á skipinu í ferðum þessum.

Matsveinn var í þremur fyrstu ferðunum Karl Róbert Karlsson, Grettis-götu 54 hér í bæ.

Er skipið var statt í 3. ferð sinni í Aberdeen fyrstu dagana í maímánuði 1949, sendi Karl Róbert símskeyti til tollstjórans í Reykjavík þess efnis, að hann gæti gefið upplýsingar um stórfellt smygl. Samkvæmt fyrirmæl-um dómsmálaráðuneytisins hóf svo sakadómariinn í Reykjavík rannsókn í máli þessu hinn 16. maí 1949, og var Karl Róbert Karlsson þá leiddur fyrir rétt. Skýrir hann svo frá, að er skipið var statt í fyrstu ferðinni í Aberdeen, hafi verið flutt um borð í það sem farmur tveir heilkassar af whisky og þrír hálfkassar af koníaki, sem keyptir hefðu verið af hinum kærðu hjá viðskiptafyrirtæki kærða, Guðmundar Helga, og hafi áfengið eigi verið ætlað áhöfn skipsins. Telur hann, að áfengið hafi verið flutt í land í Neskaupstað, án þess að sæta afgreiðslu viðkomandi tollyfirvalda, enda hafi tollvörður eigi komið um borð í skipið fyrr en góðri stundu eftir komu þess til Neskaupstaðar og tollskoðun verið mjög áfátt, en þenna framburð um áfengiskaupin hafa báðir hinir kærðu sagt rangan. Þá kveðst Karl Róbert sjálfur hafa flutt með sér til landsins ýmsa hluti úr flugvélaradartæki, sem hann keypti í Skotlandi fyrir 7 ensk pund og 10 shillinga, án þess að gefa muni þessa upp til tolls.

Er skipið kom í annarri ferðinni til Aberdeen, kveðst Karl Róbert hafa farið í land, meðal annars til að kaupa matvæli handa áhöfninni í verzlun,

sem Rix heitir. Við kaupmanninn þar kveðst hann hafa kvartað yfir því, að í næstu ferð á undan hefðu skipverjar ekki fengið nema eina áfengisflösku hver út úr tolli, og hafi kaupmaðurinn þá samþykkt og afhent sem kost til áhafnarinnar 1 kassa af whisky, 7 kassa af bjór og 1400 vindlinga, en varningur þessi svo verið settur undir tollinnsgli. Er þessi viðskipti fóru fram, kveður hann kaupmanninn hafa boðizt til að selja honum 1 kassa af whisky fyrir 4 pund og 5 shillinga, og kveðst hann hafa tekið boði þessu. Meðan skipið lá í Aberdeen í þetta skipti, segir hann, að flutt hafi verið um borð í það sem farmur auk framangreinds varnings 3 heilkassar af whisky, merktir kærða Guðmundi Helga, en þessu hefur hann eindregið neitað og kveðst ekkert áfengi hafa fengið með skipinu. Þá kveðst Karl Róbert hafa séð í þetta skipti í skáp í lúkar skipsins 2 heilkassa af whisky og 3 hálfkassa af koniaki, merkta kærða Hauki, sem kveður þetta rangt hjá Karli Róbert. Enn fremur segist Karl Róbert hafa séð flutt um borð í bátinn 36 rafhlöður, 8 heimilishrærivélar og allmikið af borðbúnaði eða 100 skipskönnur úr leir, 100 djúpa og 100 grunna leir-diska og um 50 hnífapör, en borðbúnað þenna kveðst hann hafa keypt eftir beiðni kærða Guðmundar Helga, sem hefði haft orð á því, að borðbúnað vantaði í v/b Goðaborg og v/b Stellu, en hann sá einnig um útgerð hennar. Kærði Guðmundur Helgi hefur sagt þetta rétt vera, en sér hafi virzt Karl Róbert hafa keypt allríflega af varningi þessum. Þá kveður Karl Róbert sig hafa grunað, að einhverjar fleiri vörur hafi verið með bátnum í þessari ferð, þótt hann hafi eigi séð þær. Er skipið kom til Neskaupstaðar, kveðst Karl Róbert ekki hafa séð neinn tollvörð og engra skýrslna hafi verið krafizt um, hvað í skipinu væri, enda hafi hann verið sofandi við komu skipsins, og er hann vaknaði, hafi verið búið að tollafgreiða það. Í hvorugri þessara ferða segir hann skipverjalista hafa verið ritaða. Ekki kveðst hann hafa séð, að framangreindum varningi væri skipað upp í Neskaupstað, en telur, að svo hafi verið, enda hafa hann um þetta leyti séð nokkuð af rafhlöðupökkum í vörugeymslu kærða Guðmundar Helga og eins um borð í v/s Esju.

Úr whiskykassa þeim, sem Karl Róbert keypti í Aberdeen, eyddust 4 flöskur á leiðinni til Neskaupstaðar, og voru því 8 flöskur eftir, þegar komið var þangað, og segir hann, að úr þeim hafi að mestu verið drukkið um borð í bátnum af honum sjálfum, auk þess sem hann hafi veitt og gefið ýmsum mönnum.

Hinn 3. maí kom báturinn í þriðju ferð sinni til Aberdeen og lá þar í um tvo sólarhringa. Hinn 4. s. m. kveður Karl Róbert umboðsmann fyrir-tækis þess, sem kærði Guðmundur Helgi hafði skipti við varðandi fisk-sölu, hafa komið um borð í bátinn og átt tal við kærða Hauk. Kveðst hann þá hafa heyrt hann panta 15 heilkassa af whisky hjá umboðsmanninum, sem taldi öll tormeiki á að útvega svo mikið magn af áfengistegund þessari, en kostur væri á að fá nokkuð af henni með einhverjum öðrum tegundum. Hafi kærði Haukur því beðið um 5 kassa af hverri tegund um sig, whisky, koniaki og rommi, sem skyldi sendast sem farmur um borð í skipið á nafni kærða Hauks, sem kveður þetta með öllu rangt hjá Karli

Róbert. Til að ganga úr skugga um, hvort framangreint áfengi hefði verið flutt um borð í bátinn, kveðst Karl Róbert, er skipverjar voru að tala um, hversu mikið áfengi þeir mundu fá út úr tolli í þessari ferð, hafa haft á því orð, að það yrði víst ekki mikið, en þá kveður hann einn hásetann hafa sagt, að nóg áfengi væri um borð í bátnum til skiptanna, þar eð sennilega hefðu verið fluttir um borð í hann 17 kassar af áfengi. Skipverjar kannast aftur á móti ekki við, að þetta samtal hafi farið fram, og er ósannað, að þeir hafi flutt meira áfengi hér inn í landið en leyfi fékkst fyrir hjá tollyfirvöldunum, nema þeir kærði Haukur og Karl Róbert, en kærði Haukur hefur viðurkennt að hafa smyglað 5 flöskum af whisky í fyrstu ferð skipsins hingað til lands. Ýmsir frændur og kunningjar Karls Róberts höfðu beðið hann að kaupa fyrir sig ávaxtasultu erlendis, en hann kveður hana hafa fengizt óskammtaða í Aberdeen, þótt eigi hafi mátt flytja hana úr landi, ef kaupin námu einhverju verulegu, nema sem farm (í fragt). Kveðst hann hafa átt kost á að fá í nefndri verzlun sultukassa auk áfengis, og því hafi hann spurt skipstjórann, kærða Hauk, hvort hann mætti flytja sultuna sem farm með skipinu hingað til lands og einnig hafa áfengið með sér. Þessu kveður hann kærða Hauk hafa tekið þverlega og bannað sér að flytja nokkurn varning með bátnum, enda hafi skipstjóra verið lítið um sig gefið, og því hafi hann sagt, að ekki væri víst, nema hann stæði sjálfur í einhverju smygli. Kærði Haukur kveður aftur á móti þenna framburð Karls Róberts með öllu tilhæfulausan. Í reiði sinni yfir synjun kærða Hauks kveðst Karl Róbert hafa farið í land og reynt að fá hraðsamtal við tollstjórann í Reykjavík, en þar sem það tókst ekki, sendi hann framangreint símskeyti. Er hann hafði sent skeytið, fór hann að velta því fyrir sér, hvort hann hefði gert rétt með sendingu símskeytisins, þar sem hann sjálfur hefði ekki hreinan skjöld gagnvart tollyfirvöldum hér á landi. Olli þetta honum miklum áhyggjum, sem leiddu til þess, að hann fékk sér of mikið í staupinu og var færður í varðhald, en var látinn laus næsta morgun, án þess að til refsingar kæmi. Hugsaði hann svo málið nánar og komst þá að þeirri niðurstöðu, að hann hefði gert rétt í því að senda símskeytið, og var staðráðinn í að hvika eigi frá því, sem í skeytinu stóð. Eftir þetta fór hann um borð í bátinn, en þá höfðu tollgæzlumenn í Aberdeen fundið í eldhússkáp 16 pakka af amerískum vindlingum, sem hann átti og hafði ekki gefið upp við tollskoðun. Vegna þessa var honum gert að greiða sekt, 6 ensk pund, sem greidd var fyrir hann, og hefur kærði Guðmundur Helgi sýnt kvittun fyrir greiðslu þessari.

Að þessu loknu fór Karl Róbert í margar verzlanir í Aberdeen og keypti samtals 54 ávaxtasultudósir, er kostuðu alls 5 ensk pund og 13 shillinga. Dósir þessar hafði hann svo með sér til Neskaupstaðar og fór með þær í land, en segist hafa sagt tollverði frá þeim. Auk þess hafði hann meðferðis skammbyssu, er hann hafi keypt af einhverjum manni í Aberdeen, og gaf hana ekki upp við tollskoðun.

Með skipinu í þessari ferð kveður Karl Róbert, að allmikið hafi verið

af vörum í skipinu, en hverjar þær voru, segist hann ekki vita, nema um sement, 100 kassa af sultu og nokkuð af rafmagnsvörum.

Til Neskaupstaðar kom báturinn árla morguns 9. maí 1949, en kvöldið áður kveður hann kærða Hauk hafa úthlutað hverjum skipverja 7 flöskum af sterku áfengi, en þetta kveður kærði Haukur rangt, enda hefðu skipverjar ekki fengið úthlutað nema tveimur flöskum hver. Þegar skipið lagðist að bryggju, svaf Karl Róbert, en um tveimur tímum síðar kveðst hann hafa vaknað við það, að kærði Haukur hafi komið inn í klefann til hans ásamt Gunnari Björgvinssyni, tollverði á Eskifirði, sem beðið hafi um skýrslu um allan skipskostinn ásamt reikningum yfir hann, en þeir voru ekki fyrir hendi. Karl Róbert skýrði frá skipskostinum, og jafnframt kveðst hann hafa skýrt frá áfengi því, sem hann hafi fengið úthlutað hjá kærða Hauki, en tollvörðurinn kveður Karl Róbert eingöngu hafa tjáð sér, að hann hefði meðferðis 2 flöskur af áfengi og einn kassa af sultu.

Nokkru síðar hélt skipið áleiðis til Reyðarfjarðar, en kærði Haukur varð eftir í Neskaupstað. Aftur á móti fóru kærði Guðmundur Helgi og Gunnar Björgvinsson með bátnum. Á leiðinni þangað segir Karl Róbert tollvörðinn hafa komið til sín og sagt, að í tilefni af símskeyti hans hefði komið skipun frá fjármálaráðuneytinu um nákvæma tollskoðun í v/b Goðaborg, eins og öðrum skipum, sem til Norðfjarðar kæmu, en illt væri í efni fyrir Karl Róbert, þar sem skjöl væru í lagi fyrir allan farm skipsins, og að hann ætti að fara einhvern milliveg. Gefa yfirlýsingu um, að símskeytið hefði verið sent í einhverri vitleysu, enda ófyrirsjáanlegt, hversu lengi honum yrði haldið í gæluvarðhaldi, meðan á yfirheyrslum stæði. Segir Karl Róbert, að sér hafi virzt sem tollvörðurinn ræki erindi kærða Guðmundar Helga.

Litlu síðar kveður hann tollvörðinn hafa komið til sín í fylgd með kærða Guðmundi Helga, sem endurtekið hafi flest það, sem tollvörðurinn hafði sagt, og jafnframt bætt því við, að ef Karl Róbert héldi kæru sinni til streitu, yrði skipið kyrrsett af yfirvaldanna hálfu, og þá yrði hann (Karl Róbert) gerður ábyrgur fyrir tjóni því, sem af þessu leiddi, en báða kveður hann menn þessa hafa talið, að símskeyti til tollstjóra hafi verið sent 5. maí 1949 í stað 4. þess mánaðar. Einnig kveður hann kærða Guðmund Helga hafa hótað að svipta sig kaup, ef hann undirritaði ekki yfirlýsingu þess efnis, er að framan greinir. Þar sem Karl Róbert nú þóttist vita, að vitnast hefði um innihald símskeytis þess, er hann hafði sent tollstjóra, auk þess sem hann þóttist sjá fram á, að dráttur yrði á, að hann kæmist til Reykjavíkur, og honum yrði erfitt að standa einn gegn öllum þar eystra, féllst hann á að afturkalla hið ímyndaða símskeyti til tollstjóra, er þeir töldu sent 5. maí 1949, og undirritaði yfirlýsingu þess efnis, en hugðist ekki afturkalla símskeyti það til tollstjóra, er hann raunverulega sendi. Er til Reyðarfjarðar kom, segir hann tollvörðinn hafa farið í land til að fá vélritaða yfirlýsingu þá, er hann skyldi undirrita. Eftir hádegi dag þenna kveður hann kærða Guðmund og tollvörðinn hafa komið til sín með yfirlýsingu þess efnis, að símskeyti

sent tollstjóraskrifstofunni 5. maí 1949 hafi verið sent í bræði og á mis-
skilningi byggt, en yfirlýsingu þessa kveðst hann svo hafa undirritað, þar
sem rangfarið var með dagsetningu, eins og að framan greinir.

Þenna framburð Karls Róberts segir kærði Guðmundur Helgi með öllu
rangan, enda hafi hann engan þátt átt í því, að yfirlýsing þessi væri
gefin, nema hann hefði fengið hana vélritaða á Reyðarfirði samkvæmt
ósk tollvarðarins.

Gunnar Björgvinsson tollvörður kveður einnig ummæli þau, sem Karl
Róbert hefur eftir honum með öllu röng, enda engan þátt átt í, að Karl
Róbert gæfi nokkra yfirlýsingu, heldur hefði hann undirritað hana sam-
kvæmt beiðni kærða Guðmundar Helga, sem hann hafi heyrt eiga í ein-
hverri orðasennu við Karl Róbert og viðhafa flest þau ummæli, sem
Karl Róbert hefur eftir honum.

Sementsfarmi skipsins var svo skipað upp á Reyðarfirði, og kveður
Karl Róbert eftirlit tollvarðar hafa verið mjög slælegt.

Kveðst Karl Róbert hafa spurt tollvörðinn, hvort nokkuð áfengi hafi
verið gefið upp við komu skipsins til landsins, og hann svarað því til, að
svo hafi eigi verið gert, nema áfengi það, sem skipið hafi fengið út úr
tolti. Kveðst Karl Róbert þá hafa spurt, hvort hann hefði leitað undir
borði á milli botntanka og í skáp í lúkar. Þessu hafi tollvörður neitað og
farið á brott, en komið aftur og sagzt hafa fundið 8 kassa, 6 í skápnum
og tvo á milli botntankanna. Kveðst Karl Róbert þá hafa sagt, að að
minnsta kosti væru ófundnir 4 kassar, og bent tollverði á að leita í
keðjukössum fremst í lest og undir lestarbotnum, en sökum farmsins í
skipinu hafi þá eigi verið unnt að leita á þessum stöðum, og hvort svo
hafi verið gert síðar, veit hann ekki. Hvort áfengi hafi verið falið á
þessum stöðum, veit Karl Róbert ekki, en grunaði, að svo væri. Þá
kveður hann tollvörðinn hafa leitað í kortageymslu og fundið þar 14
pund af sælgæti, sem keypt hafi verið með skipskostinum og átti að
skiptast milli áhafnarinnar.

Tollvörðurinn kvaðst eftir tilvísun Karls Róberts hafa leitað að áfengi
undir hlera í lúkar, en ekkert fundið. Þá segir hann það rangt, að Karl
Róbert hafi spurt, hvort hann hafi leitað milli botntanka og í lúkar, en
það kveðst hann þó hafa gert, en þar hafi ekkert áfengi verið. Aldrei
segir hann Karl Róbert hafa nefnt, að hann skyldi leita í keðjukössum og
undir lestarbotni, enda engin leit framkvæmd þar og eigi heldur í korta-
geymslu.

Kærði Haukur kveðst aftur á móti hafa haft með sér litið eitt af
sælgæti, sem hann geymdi í kortageymslunni, og haft það með sér í land.

Frá Reyðarfirði var lagt af stað til Neskaupstaðar um miðnætti þenna
dag, og þangað var komið snemma næsta morgun. Fór Karl Róbert þá
alfarinn af skipinu, fékk sér herbergi í landi og ákvað að fara sem fyrst
til Reykjavíkur.

Að kvöldi næsta dags var Karl Róbert staddur um níu leytið hjá kunn-
ingja sínum. Komu þá þangað tollvörðurinn, Gunnar Björgvinsson, og
lögregluþjónninn í Neskaupstað, Haraldur Hörður Hjálmarsson, og báðu

Karl Róbert að fylgjast með sér í skrifstofu setts bæjarfógeta, en menn þessir voru í bifreið, sem Jóhann Pétur Guðmundsson húsgagnasmiður ók. Fylgdist Karl Róbert með þeim í skrifstofuna og átti þar tal við settan bæjarfógeta, sem hafði beðið hann að afhenda skammbyssu þá, sem hann hafði keypt í Englandi, og gerði Karl Róbert það. Kveðst hann ekki hafa getið byssunnar við tollgæzluna, þar eð hann hafði leyfi til að eiga skotvopn, þótt skammbyssu væri eigi nefnd í því. Kveður hann svo settan bæjarfógeta og aðra viðstadda, tollvörðinn og lögregluþjóninn, hafa borið það í tal, að hann gæfi nýja yfirlýsingu þess efnis, að hann afturkallaði símskeytið, er hann hafði sent frá Aberdeen, og um þetta hafi spunnið talsvert þref, sem endað hafi með því, að hann hafi undirritað yfirlýsingu í þríriti þess efnis, að símskeytið, sem hann hefði sent tollstjóraskrifstofunni frá Aberdeen 5. maí 1949, hafi verið sent í bræði og ölaði, enda hafi hann verið fangelsaður nóttina áður. Þeir Haraldur Hörður og Jóhann Pétur rituðu undir yfirlýsingu þessa sem vottar.

Næsta dag fór Karl Róbert svo til Reykjavíkur og var yfirheyrður af sakadómara, eins og fyrr greinir.

Um hver farmur skipsins hefur verið í öllum fjórum ferðunum, hefur upplýstzt af framburðum hinna kærðu og húsleit, sem gerð var í vörugeymslum og öðrum húsakynnum kærða Guðmundar með fullkomnu samþykki hans. Kveður hann vörurnar hafa verið fluttar inn til landsins fyrir tilstilli sitt og þær hafi verið keyptar fyrir hluta af fé því, sem fyrir fiskfarmana fékkst, þó að eigi hafi verið búið að afla innflutnings- og gjald-eyrisleyfa fyrir vörunum, er viðskiptin voru gerð og vörunni skipað upp hér á landi, enda sé slíkt eigi venja, þegar um þungavöru sé að ræða, sem fiskflutningaskip flytja, heldur sé leyfanna aflað síðar, og þeirra sé ekki þörf, þegar um er að ræða kaup á nauðsynjum til slíkra skipa.

Í öllum 4 ferðum skipsins var flutt með því þungavara, kol 60655 kg og sement samtals 203200 kg, og var varningur þessi tollafgreiddur talsverðu eftir að honum hafði verið skipað upp hér á landi. Annar varningur, sem upplýst er, að fluttur hafi verið með skipinu auk framan- greinds borðbúnaðar, er sem hér segir:

- 5 tonn þakjárn,
- 20 rúllur vír,
- 60 rúllur tóg,
- 5 tylftir vélareimar og reimplásar,
- 1 kassi vélahlutar,
- 11 kassar stormluktir,
- 36 rafhlöður,
- 4 tunnur fernisolía,
- 6 kassar málning,
- 1 pakki penslar,
- 1 skipsskrúfa,
- 20 tylftir vatnsfötur,
- 3 ballar vinnuvettlingar,
- 100 pokar koks,

10 sekkir eldfastur leir,
 10 kútar vítissóði,
 20 rúllur tjörupappi,
 10 lengdir af $\frac{1}{2}$ " vatnsrörum, nokkuð af píputenglum,
 15 heimilishrærivélar,
 10 heimilisþvottavélar og
 1 handlaug.

Húsleit sú, sem gerð var í húsakynnum kærða Guðmundar Helga og getið er hér að framan, var framkvæmd af dómara og tollverði frá Reykjavík, sem honum var til aðstoðar. Allmikið af varningi þeim, sem talinn er upp hér á undan, var sett undir tollinnsigli, eftir því sem húsa-kostur leyfði, en sökum vankanta varð síðar að flytja þvottavélarnar og þá einu hrærivél, sem við húsleitina fannst, í önnur húsakynni, enda munu þær hafa legið undir skemmdum. Eftir að rannsókn málsins hófst, hefur fengist innflutningsleyfi fyrir eftirtöldum vörum:

Eldföstum leir,
 vélareimum og reimlásum,
 málningu og fernisolíu,
 þakpappa,
 vatnsfötum,
 olíuluktum,
 þakjárni,
 handlaug og
 búsáhöldum,

en fyrir þeim fékkst einnig gjaldeyrisleyfi. Vörur þessar hafa allar verið tollaafgreiddar.

Hinum 15 heimilishrærivélum kveðst kærði Guðmundur Helgi hafa ætlað að skipta á milli eigenda v/s Goðaborgar og skipverja, en úr því varð eigi, og hefur ekki verið unnt að upplýsa, hverjum vélar þessar voru seldar. Þvottavélunum kveðst hann hafa ætlað að ráðstafa á sama hátt, og hafa margir skipverjar staðfest, að þetta hafi komið til tals. Allar þær vörur, sem eigi hefur fengist innflutningsleyfi fyrir, kveður hann vera ætlaðar til notkunar við útgerð báta þeirra, sem hann annast um, nema hinn eldfasta leir, sem hann hafi haft í hyggju að láta ganga upp í skuld við Dráttarbrautina í Neskaupstað, þótt hann hafi ekki sér-staklega verið beðinn um það. Nokkrar af hinum 36 rafhlöðum kveðst hann hafa selt opinberum aðiljum og einstaklingum, en að öðru leyti séu þær notaðar í sambandi við útgerðina, og voru eingöngu 4 eftir af þeim við lok málsrannsóknarinnar. Þá kveður hann kærða Hauk hafa flutt inn vatnsrörin og píputenglana, og segir hann það rétt vera, enda hafi hann á þeim tíma staðið í húsbýggingu og notað 7 eða 8 af þeim í hana, en að minnsta kosti hafi eitt þeirra verið notað í v/b Goðaborg.

Haraldur Hörður Hjálmarsson lögregluþjónn tollaafgreiddi skipið í fyrstu tveimur ferðunum og fjórðu ferðinni frá Aberdeen, en Gunnar Björgvins-son í þriðju ferð þess, eins og um getur að framan. Kveðst Haraldur Hörður hafa leitað hjá skipstjóra og litið niður í lúkar, en aldrei skoðað

í lestir skipsins, en ætíð við og við fylgt með uppskipuninni. Rannsókn málsins hefur leitt í ljós, að eftirlit með uppskipuninni hefur verið mjög lélegt og það svo, að stundum virðist ekkert eftirlit hafa verið haft með henni, eins og t. d. eftir þriðju ferðina, en þá virðist hafa verið skipað ýmsum vörum upp úr skipinu í Neskaupstað án nokkurs eftirlits. Einnig hefur upplýstzt, að mjög hefur verið ábótavant um frágang farmskráa og vörur yfirleitt ekki færðar á skrá erlendis nema kol og sement og sumar vörur alls ekki færðar á farmskrá, heldur flokkaðar undir skipsnauðsynjar, þótt þær ættu þar raunverulega ekki heima. Þá var allmikill misbrestur á því, að kærði sendi gjaldeyriseftirliti bankanna reikningsskil yfir fiskisöluvarnir, og er rannsókn málsins lauk, hafði hann engin skil gert varðandi tvær síðustu söluferðirnar.

Stundum kveðst kærði Guðmundur Helgi hafa keypt „biropenna“ af ýmsum sölumönnum, sem verið hafa á ferð í Neskaupstað, og selt þá aftur í verzlun þeirri, sem hann veitir forstöðu, að hann telur með löglegri álagningu, þótt hann hafi eigi fengið reikning yfir skrifföng þessi.

Með framangreindum innflutningi og kaupum og sölum „biropenna“ hefur kærði Guðmundur Helgi gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, 1. mgr. 11. gr., 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit og 1. mgr. 21. gr., 24. gr., 3. mgr. 25. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun féseкта hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði Haukur Ólafsson hefur samkvæmt framansögðu gerzt brotlegur við 2. gr., 1. mgr., 3. gr. sbr. 2. mgr. 27. gr. og 28. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, 1. mgr. 22. gr. 5. mgr. 24. gr., 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. sbr. 40. gr. tollaga, 1. mgr. 29. gr., 1. og 2. tl. 30. gr. og 1. mgr. 41. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123 25. nóvember 1938 um tollheimtu og toll-eftirlit.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og lögum nr. 14/1948 þykir refsing kærða Hauks eftir atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. 36. gr. toll-laga og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 að gera upptækar ríkissjóði til handa framangreindar 10 heimilisþvottavélar og eina heimilishræivél, en annan af greindum innfluttum varningi þykir eftir ástæðum ekki bera að gera upptækan, enda að mestu ætlaður til útgerðar þeirra skipa, sem kærði Guðmundur Helgi hefur með að gera.

Báða hina kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar

hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi greiði $\frac{1}{2}$ alls málskostnaðar og kærði Haukur $\frac{1}{2}$ hans.

Mál Karls Róberts Karlssonar hefur verið afgreitt sérstaklega með réttarsátt.

Af málsskjölum og réttarprófum kemur fram ástæðan fyrir drætti málsins.

Dómsorð:

Kærði, Guðmundur Helgi Sigfússon, greiði 25000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði, Haukur Ólafsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

10 heimilisþvottavélar og ein heimilishræivél skulu vera upp-tækar ríkissjóði til handa.

Kærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi Sigfússon greiði $\frac{1}{2}$ alls málskostnaðar og kærði Haukur Ólafsson $\frac{1}{2}$ hans.

Mánudaginn 9. febrúar 1953.

Nr. 121/1947. **Kirkjusandur h/f** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Rafmagnseftirliti ríkisins (Magnús Thorlacius).

Dóمندur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Arnalds, borgardómari í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi og nóvalleyfi 10. s. m. Eru kröfur hans þær, að fjárhæð sú, kr.